



## Fundargerð

**394. fundur** í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn í félagsheimilinu Kirkjuhvoli, Kirkjubæjarklaustri kl. 13:00 fimmtudaginn 10. mars 2016. Þetta er 3. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskrað af Söndru Brá Jóhannsdóttur, sveitarstjóra og er 3 blaðsíður Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Eva Björk Harðardóttir, oddviti býður fundarmenn.

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir boðar forföll og Jóna Björk Jónsdóttir varamaður Z-lista situr fundinn. Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Oddviti óskar eftir breytingu á dagskrá, að við málefnskra bætist:

I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

7. Kjör varaoddvita

Ó-listi óskar bókunar;

*Enn á ný hefur meirihluti sveitarstjórnar Skaftárhrepps virt að vettugi samþykktir sveitarfélagsins og eigin fyrirheit um opna starfshætti og góða og skilvirka stjórnarsýslu. Ekki var gert ráð fyrir oddvitakjöri í útsendri dagskrá sveitarstjórnarfundar nú og því um mistök að ræða að hálfu oddvita sem ber ábyrgð á dagskrá sveitarstjórnarfundar og þau mál sem eigi að afgreiða séu auglýst. Kjör oddvita og varaoddvita eru eitt af grundvallarverkefnum sveitarstjórnar samkvæmt sveitarstjórnarlögum og því mikilsumvert að rétt sé að þeim staðið.*

*Dagskrárbreyting samþykkt*

### Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundum

*Sveitarstjóri fór á fund almannavarnarnefndar sem haldinn var í Vik í febrúar þar sem farið var yfir atburði vegna andláts ferðamanns í Reynisfjöru. Verið er að vinna áhættustýringu fyrir svæðið og stefnt að því að slíkt verði gert fyrir fleiri fjölmenna ferðamannastaði. Nýtt skjalakerfi var innleitt á hjá skrifstofu sveitarfélagsins og er komið í notkun. Haldinn var 1. fundur vinnuhóps vegna þarfagreiningar á húsnæði Kirkjubæjarskóla og í framhaldinu fundaði sveitarstjóri með ráðgjöfum frá Eflu verkfræðistofu. Sveitarstjóri og byggingarfulltrúi eru að safna gögnum þessa dagana fyrir vinnu þarfagreiningar. Sveitarstjóri og oddviti fóru í vettvangsferð sem boðuð var af Sýslumanni Suðurlands vegna landamerkjá Núpsstaðar og Skaftafells.*

### Dagskrá

#### I. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. Svar Vegagerðar vegna framkvæmdaáætlunar fyrir nýja brú yfir Eldvatn við Ása, 26. febrúar 2016.

*Sveitastjórn telur óásættanlegt að ekki sé búið að tryggja fjármagn til byggingar nýrrar brúar yfir Eldvatn við Ása þar sem mikilvægt er að framkvæmdir hefjist á vormánuðum. Í svari Vegagerðinnar er vísað í að óskað hafi verið eftir aðkomu Innanríkisráðuneytisins að fjármögnun nýrrar brúar. Sveitarstjóra falið að óska eftir fundi með Vegamálastjóra og Innanríkisráðherra til að þrýsta á framgang málsins.*



2. Framlag til Skaftárhrepps af fjáráukalögum 2015 vegna afleiðinga Skaftárhlaups, Fjármála- og efnahagsráðuneytið, 2. mars 2016.

*Skaftárhreppur þakkar framlag Ríkissjóðs að upphæð 30 m.kr. af fjáráukalögum 2015 vegna tjóns af völdum Skaftárhlaups. Fjárframlaginu er ætlað að mæta kostnaði Skaftárhrepps af viðgerðum á óskráðum vegum, varnargörðum og girðingum sem eyðilögðust í Skaftárhlaupi í september sl. Sveitarstjórn er ljóst að tjón af völdum Skaftárhlaups var mun viðtækara en fjárframlag Ríkissjóðs takmarkast við. Sveitarstjóra falið að útbúa dreifibréfi til íbúa sveitarfélagsinsins og óska eftir upplýsingum vegna tjóns sem fellur undir fyrrgreinda liði.*

3. Ósk um styrk frá N4 vegna „Að sunnan“, 17. febrúar 2016.

*Sveitarstjórn telur sér ekki fært að taka þátt í verkefninu að þessu sinni.*

4. Fjórhliða samningur „Skaftárhreppur til framtíðar“ til staðfestingar.

*Sveitarstjórn fagnar því að samningurinn liggi fyrir. Sveitarstjórn staðfestir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.*

5. Varafulltrúi á landsþing sambands íslenskra sveitarfélaga

*Heiða Guðný Ásgeirsdóttir varaoddviti kosin varafulltrúi á landsþing sambands íslenskra sveitarfélaga.*

6. Ósk um formlegt samstarf vegna styrks frá Norðurslóðaáætluninni, Landgræðsla ríkisins, 29. febrúar 2016.

*JBJ lýsir vanhæfi sem bréfitari og viku af fundi.*

*EBH, BG og SG samþykkja að taka þátt í verkefninu að því gefnu að ekki hljótist neinn kostnaður af fyrir sveitarsjóð líkt og fram kemur í erindinu. JG situr hjá.*

*JBJ kemur aftur inná fund.*

7. Kjör varaoddvita

*Heiða Guðný Ásgeirsdóttir Z-lista er kjörin varaoddviti af meirihluta sveitarstjórnar EBH, BG og JBJ. SG og JG sitja hjá.*

## II. Fundargerðir til samþykktar

1. Fundur stjórnar félagsheimilisins Tungusels, 18. febrúar 2016. *Fundargerð samþykkt.*

## III. Fundargerðir til kynningar.

1. 6. fundur byggingarnefndar stækkun verknámsaðstöðu FSU. 11. febrúar 2016. *Fundargerð kynnt*

2. 31. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu. 22. febrúar 2016. *Fundargerð kynnt*






3. 505. fundur stjórnar SASS. 5. febrúar 2016. *Fundargerð kynnt*
4. Fundargerð stjórnar SSKS. 19. febrúar 2016. *Fundargerð kynnt*
5. 835. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga. 29. janúar 2016. *Fundargerð kynnt*
6. 17. fundur stjórnar byggðarsamlagsins Bergrisans bs. *Fundargerð kynnt*
7. 170. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands. *Fundargerð kynnt*


#### IV. Annað kynningarefni.

1. Styrktarsjóður EBÍ auglýsir eftir umsóknum. 22. febrúar 2016. *Kynnt*
2. Ályktun stjórnar Heimilis og skóla um niðurskurð í leik- og grunnskólum landsins. 11. febrúar 2016. *Kynnt*
3. Auglýsing eftir framboðum í stjórn LS. 22. febrúar 2016. *Kynnt*
4. Svar Íslandspósts vegna fækkunar á dreifingardögum í dreifbýli. 29. febrúar 2016. *Kynnt*

Næsti fundur áætlaður 14. apríl 2016  
Fundargerð lesin upp og samþykkt  
Fundu slitið kl. 15:16

  
Eva Björk Harðardóttir

  
Jóhannes Gissuráson

  
Sverrir Gíslason

  
Bjarki Guðnason

  
Jóna Björk Jónsdóttir

